

**Fjárnámsgerð í fógætarétti Reykjavíkur 19. júní 1957.**

Málið var síðast fyrir rétti 8. marz, en er nú endurupptekið.

Gerðarbeiðandi er mættur, en fyrir gerðarþola mætir Guðmundur H. Þórðarson, starfsmaður gerðarþola.

Mættur fyrir gerðarþola kveðst ekki geta greitt skuldina. Hann bendir á til fjárnáms 15 sett drengjaföt og kveður hann heildsöluverð þeirra vera kr. 750.00 pr. sett, og svo 12000 stk. gyllta leðurhnappa og 4 trésmíðavélar fyrir skóla og 200 kókuskera á kr. 15.00 stk. Þessir munir eru á lager á Baldursgötu 24.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í ofangreindum munum og skýrði þýðingu þess fyrir mættum fyrir gerðarþola.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1958.

Nr. 52/1957. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)  
gegn

**Jóni B. Guðlaugssyni og gagnsök**  
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús  
P. Torfason.

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. marz 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. marz 1957. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 31.470.00 ásamt 6% árs-

vöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóni B. Guðlaugssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagði aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 5. marz 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Jóni Björgúlfi Guðlaugssyni með stefnu, útgefinni 20. apríl 1956, birtri 24. s. m., á hendur Guðjóni Teitssyni forstjóra, Hofsvallagötu 55 í Reykjavík, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, til greiðslu skaðabóta og alls kostnaðar vegna slyss, er hann varð fyrir í Vestmannaeyjum hinn 16. desember 1956, er hann féll út af landgangi v.s. Heklu og handleggsbrotnaði.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 31.470.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags og allan málskostnað að skaðlausu, er nemur kr. 4.826.76 samkvæmt framlögðum reikningi. Jafnframt gerði stefnandi áskilnað um frekari bótakröfur, ef svo kynni að fara, að um varanlega örorku yrði að ræða vegna slyssins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarhröfur, að hún yrði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að föstudaginn 16. desember 1955 hafi v.s. Hekla verið á austurleið og komið við í Vestmannaeyjum. Hafi hún lagzt við norðurenda Básaskersbryggju um áttaleytið að morgni. Kvaðst stefnandi hafa farið um borð og haft smávörur, rafmagnslampa o. fl. meðferðis, er hann ætlaði að koma austur á Vopnafjörð. Þekkti hann þjón-

inn, Hermann Vigfússon, og náði tali af honum og beiddi hann fyrir vörurnar. Tók hann við þeim og lofaði að koma þeim til skila. Eftir 5—10 mínútna viðdvöl fór hann í land og var klukk-  
an þá um hálfnú. Landgangur, án handriða, lá frá skipinu upp á bryggjuna. Nokkur ókyrrð var í sjó og valt skipið við bryggjuna. Er hann fór um borð, varð hann þess ekki var, að nein óeðlileg hreyfing væri á landganginum. En er hann fór í land og var kominn út á landganginn, fór hann að hreyfast vegna veltu á skipinu. Hraðaði stefnandi þá för sinni, en landgangurinn reistist upp á rönd, og féll stefnandi fram yfir sig út af landganginum og lenti á bryggjunni alveg við bryggjuhausinn, innan við kantinn, sem þar er. Bar hann hendurnar fyrir sig í fallinu, en þó aðallega vinstri höndina, og lenti þungi hans á þeirri hendi. Stefnandi reis strax á fætur og fann nokkuð til í vinstri hendinni og ákvað að leita strax læknis. Fór hann til Einars Guttormssonar sjúkrahúslæknis, er athugaði meiðsli hans. Reyndist vinstri handleggurinn brotinn um úlnliðinn (*fractura collesi sin.*). Var stefnandi síðan undir læknishendi um skeið. Hendin var í gípsi í 6 vikur og síðan var hann um hálfan mánuð í nuddi. Hann var ráðinn hjá Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum, en var frá vinnu rúma þrjá mánuði vegna slyssins. Að læknisráði kveðst hann ekki hafa byrjað vinnu fyrr en 25. marz 1956. Var hann þá ekki enn búinn að ná sér, en þoldi léttu vinnu.

Stefnandi telur, að skortur á gæzlu og óviðunandi útbúnaður frá skipsins hálfu hafi valdið slysinu. Skipið hafi verið lélega fest, þrátt fyrir ókyrrð í sjó, og hreyft við bryggjuna og engin gæzla hafi verið við landganginn. Svo hafi landgangurinn einnig verið handriðalaus. Af þessum sökum telur stefnandi, að stefndi beri ábyrgð á slysinu og beri að greiða honum skaðabætur.

Stefndi neitar því algerlega, að hún beri ábyrgð á slysinu. Í fyrsta lagi dregur hún í efa, að slysið hafi átt sér stað, er stefnandi var á leið frá borði, heldur muni hann hafa runnið á hálli bryggjunni, eftir að í land var komið. Svo telur hún, að stefnandi hafi farið um borð í ólöglegum erindum og eigi þar af leiðandi að bera sjálfur það tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir í þeirri ferð sinni. Að lokum telur hún, að ekkert hafi skort á tilhlýðilega gæzlu né útbúnað frá skipsins hálfu og geti því ekki verið um neina sök að ræða, er leiði til skaðabótaábyrgðar hennar.

Sigurður Markússon, fyrsti stýrimaður á v.s. Heklu, gaf skýrslu

í málinu og var síðan leiddur sem vitni. Hann skýrði svo frá, að v.s. Hekla hafi að morgni þess 16. desember 1955 komið til Vestmannaeyja og kl. 0820 hafi hafnsögumaður verið tekinn um borð undir Eiðinu. Veður hafi þá verið SA 3—4 og mikill sjór. Kl. 0835 hafi skipið lagzt við landfestar við Básaskersbryggju. Vegna súgs við bryggjuna kvað hann landfestar hafa verið hafðar slakar, eins og venja væri, er þannig stæði á. Landgangur hafi verið settur upp og hafi engin handrið verið á honum. Vegna þess, hve mikill súgur var við bryggjuna, kveðst hann hafa tekið sér stöðu við landganginn skips megin, til þess að aðvara þá, er um landganginn fóru, og var þar, þangað til landgangurinn var tekinn.

Um kl. 0900 kvað hann mann hafa farið í land, er féll áfram niður á bryggjuna, eftir að hafa gengið slysalaust eftir landganginum. Kvaðst hann viss um, að maður þessi var stefnandi máls þessa. Hafi hann þá farið upp á bryggjuna og spurt stefnanda, hvort hann hefði meitt sig. Hafi stefnandi sagt, að hann hefði ekki meitt sig neitt, enda hafi hann strax staðið upp. Stefnandi hafi svo farið leiðar sinnar, og áttu þeir ekki önnur orðaskipti saman. Kvaðst hann hafa talið, að stefnandi hafi fallið á hálku á bryggjunni, enda hafi bryggjan verið slorug.

Þegar þetta gerðist, kvað hann afgreiðslu skipsins hafa verið lokið. Hafi hann þess vegna látið taka landganginn strax eftir að hann kom um borð aftur. Kl. 0905 voru svo landfestar leystar og haldið burt.

Stýrimaðurinn sagði, að á meðan skipið lá við bryggjuna, hafi landgöngubrúin krækzt af öðrum megin oftar en einu sinni og hafi þetta verið lagfært af mönnum á bryggjunni. Fullyrti hann, að aldrei hefði neinn maður verið staddur í landganginum, þegar hann losnaði, enda kvaðst hann hafa brýnt fyrir öllum, er um landganginn fóru, að gæta bæri varúðar vegna súgs við bryggjuna. Hann kvaðst álíta, að varhugavert hefði verið að hafa handrið á landganginum við þessar aðstæður. Benti hann á, að við hreyfingar skipsins frá bryggjunni og samtímis fram með henni væri nauðsynlegt, að þeir, sem á landganginum stæðu, ættu þess kost að komast fyrirvaralaust út af landganginum til hliðanna, annað hvort upp í skipið eða niður á bryggjuna. Í slíkum tilfellum myndu handrið vera til trafala.

Stefnandi gerði margar athugasemdir við framburð þennan. Hann kvaðst álíta, að handrið á landganginn myndi hafa forðað slysinu. Það væri alrangt, að hann hefði fallið vegna hálku á

bryggjunni og fjarri lagi væri sú fullyrðing, að bryggjan hefði verið slorug, því að engar fisklandanir voru á þessum tíma. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neinn gæzlumann, og enginn hafi vakið athygli sína á, að gæta þyrfti varúðar við umferð eftir landganginum. Svo væri það ekki rétt, að stýrimaðurinn hefði komið niður á bryggjuna til hans eftir slysið og átt við hann orðaskipti. Minntist hann þess ekki, að neinn hefði ávarpað hann á bryggjunni eftir slysið.

Þrjú vitni voru leidd, sem gátu gefið upplýsingar varðandi aðstæður og tildrög slyssins, þeir Sigurgeir Jónasson bryggjuvörður, Hilmar Rósmundsson, aðstoðarmaður á hafnsögubátnum á þeim tíma, og Matthías Ástþórsson skrifstofumaður. Öll vitnin voru sammála um, að ekki hafi verið slor á bryggjunni, er atburður þessi gerðist, og um hálku á bryggjunni hafi ekki verið að ræða. Ekkert vitnanna varð þess vart, að nokkur vörður væri við landganginn, meðan skipið stóð við í Vestmannaeyjum, og hafði þó eitt vitnið, Matthías Ástþórsson, farið tvisvar um borð í skipið, en hin vitnin voru á bryggjunni við landganginn eða í nánd við hann. Öll vitnin voru sammála um, að talsvert sog hafi verið í höfninni og skipið hafi verið á hreyfingu við bryggjuna.

Vitnið Sigurgeir Jónasson lýsti festingum skipsins, enda hafði það gengið frá þeim uppi á bryggjunni. Sagði það, að skipið hefði verið bundið með 4 festitaugum, tveim að framan og tveim að aftan. Svo hafi einnig verið „springur“ að aftan (afturtaug), en hann var slakur, og varð það til þess, að skipið náði að hreyfast fram og aftur („svansa“) við bryggjuna. Landgangur, án handriða, hafi legið frá skipinu og var hann festur með tveim hökum eða krókum í borðstokkinn. Í tvö skipti, er vitnið var nær statt, fór annað hakið út fyrir borðstokkinn, og lyftist þá landgangurinn upp á rönd. Í bæði skiptin hafi Hilmar Rósmundsson rétt landganginn við og fest hökunum að nýju í borðstokkinn. Eftir að Hilmar hafði rétt landganginn við í síðara skiptið, kvaðst vitnið hafa litið af skipinu og farið að tala við mann á bryggjunni. Alveg rétt á eftir heyrði vitnið, að einhver sagði, að maður hefði dottið. Leit vitnið þá aftur til skipsins, og lá þá stefnandi á bryggjunni, austan megin við landganginn, og var að standa upp. Vitnið hafði ekki séð, þegar hann datt. Gekk vitnið þá að landganginum og sá, að hann hékk á öðru hakinu. Vitnið og Hilmar Rósmundsson réttu svo landganginn við og festu hann að nýju. Stýrimaður skipsins stóð þá á þilfarinu, aftanvert við

landganginn, á að gizka 3—4 metra frá honum, og kvaðst vitnið hafa spurt hann, hvort hann vildi ekki taka slakann af „springnum“. Stýrimaðurinn hafi svarað því til, að ekki tæki því, þar sem skipið væri að fara. Kvaðst vitnið þá hafa sagt, að betra væri að hafa engan landgang, fyrst skipið væri ekki bundið betur en þetta. Hafi þá stýrimaðurinn svarað, að hægt væri að taka niður landganginn og leggja hann á bryggjuna. Að því er vitninu minnti, hjálpuðust þeir Hilmar síðan að við að taka niður landganginn, og upp úr þessu hafi skipið farið.

Vitnið Hilmar Rósmundsson var á bryggjunni eftir að v.s. Hekla kom og var viðstatt, er slysið vildi til. Kvað það v.s. Heklu hafa legið við norðurenda Básaskersbryggju og hafi hún verið laust bundin. Minntist vitnið þess sérstaklega, að aftur-„springurinn“ var slakur og náði undir sjó, en ekki kvaðst það muna, hvernig festingar voru að öðru leyti. Það kvað landgang án handriða hafa legið frá borðstokk skipsins, bakborðsmegin á efra þilfari, niður á bryggjuna, og voru hakar í enda hans kræktir í borðstokkinn. Lítill halli hafi verið á landganginum, og þegar skipið hreyfðist fram með bryggjunni, rakst landgangurinn í gúmmíhringi, sem lágu á bryggjunni, og lyftust þá hökin upp. Í tvö skipti hafi annað hakið farið út fyrir borðstokkinn, og reistist þá landgangurinn upp á rönd og dinglaði laus. Í bæði skiptin rétti vitnið landganginn við og og festi hökin að nýju. Rétt eftir að vitnið hafði lagfært landganginn í síðara skiptið, sá það stefnanda koma frá skipinu og ganga út á landganginn. Skipti þá svo að segja engum togum, að stefnandi datt út af landganginum vinstra megin og féll niður á bryggjuna, en bar hendur fyrir sig í fallinu. Stóð hann strax upp og greip um vinstri hendina. Vitnið stóð rétt hjá honum, en átti ekki tal við hann, enda hélt það, að meiðsli hans væru ekki alvarleg. Síðan hafi stefnandi farið burtu. Taldi vitnið, að slysið hefði atvikazt þannig, að um leið og stefnandi gekk út á landganginn hafi skipið verið á hreyfingu og landgangurinn rekizt í gúmmíhringina, sem áður getur, og losnað á sama hátt og áður og hangið á öðru hakinu. Úr því hafi að sjálfsögðu ekki verið unnt að fóta sig á landganginum. Að því er vitnið minnti, lagði það landganginn eftir slysið með aðstoð Sigurgeirs Jónassonar. Einn stýrimaður skipsins stóð þá uppi í skipinu, nálægt landganginum, og minntist vitnið þess, að Sigurgeir ávarpaði hann um þetta leyti, og sagði við hann, að betra væri að strengja „springinn“ eða hvort hann vildi ekki taka slakann af „spring-

inum“ eða eitthvað á þá leið. Hafi stýrimaðurinn svarað, að ekki tæki því, þar sem skipið væri að fara, en betur skyldi gengið frá skipinu, er það kæmi næst.

Vitnin Sigurgeir Jónasson og Hilmar Rósmundsson kváðu hallann á landganginum ekki hafa verið mikinn í umrætt sinn. Gerði Sigurgeir ráð fyrir, að hæð landgangsins frá bryggju við skips-hlið hafi verið um 50—80 cm., en hæðin breytileg vegna ókyrrðar í sjó. Hilmar sagði, að landgangurinn hefði náð sér í mitt læri, er hann stóð á bryggjuendanum, og svarar það til þess, að hæðin hafi verið um 85 cm. Undir rekstri málsins var hæð landgangsins og halli hans ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum. Reiknuðu þeir út flóðhæð á þessum tíma og öfluðu sér upplýsinga um hæð bryggjunnar, djúpristu skipsins og lengd landgangsins. Er miðað var við þann stað á skipinu, er endi landgangsins hvíldi á skips-megin, var hæð þess staðar frá bryggju 1,1 m. kl. 0835 eða þegar skipið lagðist við landfestar og 0.9 m. kl. 0900 eða 5 mínútum áður en skipið lagði af stað. Vegna súgs í höfninni hlaut hæð frá bryggju að vera breytileg, og áætluðu þeir breytinguna 0,3 metra til hækkunar og lækkunar. Niðurstaðan var því sú, að kl. 0835 var hæð frá bryggju 0.8—1.4 m og horn landgangsins  $14.5^{\circ}$ — $26^{\circ}$  og kl. 0900 var hæð frá bryggju 0.6 m.—1.2 m. og horn landgangsins  $10.8^{\circ}$ — $22^{\circ}$ .

Upplýst er með vottorði Veðurstofunnar, að á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 umræddan dag var vindátt og veðurhæð E7 og kl. 1100 NE2 og allmikill sjór.

Með framburði Hilmars Rósmundssonar ásamt vitnisburði Sigurgeirs Jónassonar má telja sannað, þrátt fyrir gagnstæðar staðhæfingar stefnda, að slysið hafi borið til með þeim hætti, að landgangurinn hafi lyfzt upp og reistst á rönd, er stefnandi var á leið í land, og að stefnandi hafi af þessum sökum fallið út af landganginum og niður á bryggjuna og hlotið við það þau meiðsli, sem mál þetta er risið af.

Stefndi hefur, eins og áður er getið, meðal annars fært þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að stefnandi hafi farið um borð í ólöglegum erindum, en erindi hans var, eins og fyrr segir, að biðja einn skipverjann að koma til skila nokkrum smávörum. Þjónninn, sem tók að sér að flytja varninginn fyrir stefnanda, var leiddur sem vitni og staðfesti að öllu leyti frásögn stefnanda um skipti þeirra eða um það, sem þeim fór á milli. Tók hann jafnframt fram, að sér væri kunnugt um, að skipverjum væri óheimilt að taka vörur til flutnings, en þetta væri einstaka sinnum

gert, ef um smávarning væri að ræða og sér vitanlega hefði aldrei verið að því fundið af hálfu stefnda, og hefði hann þó starfað á skipinu á annan áratug. Með hliðsjón af þessu og þar sem almenníngi var heimill aðgangur að skipinu, verður ekki unnt að taka þessa varnarástæðu til greina, hvorki til algerrar sýknu né til skiptingar sakar.

Aðiljar eru sammála um, að skipið var laust bundið og landgangurinn án handriða. Virðist ljóst, að aldrei hefði til slyssins komið, eins og því er lýst hér að framan, ef skipið hefði verið tryggilegar bundið og handrið höfð á landganginum. Þá lítur rétturinn svo á, að við þessar aðstæður hafi verið skylt að hafa stöðuga gæzlu við landganginn, en af framburðum þeirra Hilmars Rósmundssonar, Sigurgeirs Jónassonar og Matthíasar Ástþórssonar má telja sannað, að vörður var ekki að jafnaði við landganginn, meðan skipið lá við bryggjuna, og óumdeilt er, að enginn benti stefnanda á, að gæta þyrfti varúðar við umferð um landganginn. Samkvæmt þessu verður að telja, að skipverjar hafi látið undir höfuð leggjast að viðhafa tilhlýðilegar öryggisráðstafanir og átt þar með sök á slysinu. Leiðir það til þess, að stefndi ber fábótaábyrgð á slysinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á þessa leið:

|                            |               |
|----------------------------|---------------|
| 1. Bætur fyrir atvinnutjón | kr. 21.400.00 |
| 2. Miska- og þjáningabætur | — 10.000.00   |
| 3. Myndataka .....         | — 70.00       |

---

Samtals kr. 31.470.00

---

Um 1. Bætur fyrir atvinnutjón, kr. 21.400.00.

Krafa þessi er miðuð við tímabilið 16. desember til 25. marz 1956, en þann tíma var stefnandi frá vinnu vegna slyssins. Kveðst hann hafa verið ráðinn hjá Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum, en þar hefði hann unnið undanfarnar 12 vertíðir. Kröfupphæðin er miðuð við þær tekjur, er hann telur sig munu hafa fengið, ef hann hefði getað stundað vinnuna á umræddu tímabili. Prókúruhafi verksmiðjunnar, Matthías Ástþórsson, mætti sem vitni og staðfesti, að rétt væri, að stefnandi hefði verið ráðinn hjá verksmiðjunni frá desember 1955 til vertíðarloka, og virtist eiga að skilja framburð hans þannig, að stefnandi hafi átt kost á vinnunni frá slysdegi til vertíðarloka. Jafnframt upplýsti hann, að meðallaun verkamanna við verksmiðjuna í desember 1955

hafi numið kr. 5700.00 og í janúar, febrúar og marz 1956 hafi með-  
altekjur numið um kr. 6200.00 á mánuði. Ekki virðist ástæða til að  
véfengja frásögn stefnanda, að hann hafi að læknisráði ekki hafið  
vinnuna fyrr en 25. marz 1956. Læknisumsögn liggur raunar  
ekki fyrir um þetta atriði, en framlögð læknisvottorð sýna, að  
meiðsli stefnanda greru seint og hann var lengi að ná sér. Þykir  
því rétt að ganga út frá, að hann hafi misst af vinnu vegna slyss-  
ins frá 16. desember 1955 til 25. marz 1956. Með tilliti til þessa  
og ofangreindra upplýsinga þykir atvinnutjón stefnanda á þessu  
tímabili hæfilega áætlað kr. 20.000.00, og verður stefnda dæmt  
að greiða þá upphæð.

Um 2. Miska- og þjáningabætur, kr. 10.000.00.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 18. desember 1956, var  
stefnandi ekki enn búinn að ná sér að fullu. Var þá enn nokkur  
þroti í úlnliðnum, hreyfingar minni en vera áttu og verkir og  
þreyta koma í liðinn við allra meiri háttar áreynslu. Gigt hafði  
einnig setzt að úlnliðnum. Með tilliti til þessa upplýsinga og ann-  
ars, sem hér að framan er sagt um meiðslið, þykir hæfilegt að  
ákveða bætur til handa stefnanda samkvæmt þessum lið kr.  
5000.00.

Um 3. Myndataka, kr. 70.00.

Til sönnunar þessum lið hefur stefnandi lagt fram reikning frá  
Sjúkrahúsi Vestmannaeyja fyrir röntgenmyndun, að fjárhæð kr.  
70.00. Þykir bera að taka kröfulið þennan til greina, enda er hon-  
um ekki sérstaklega andmælt af hálfu stefnda.

Með tilvísun til ofanritaðs verður stefnda dæmt að greiða stefn-  
anda kr. 20.000.00 + 5000.00 + kr. 70.00 eða alls kr. 25.070.00  
ásamt 6% ársvöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.500.00  
í málskostnað.

#### Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnandanum, Jóni  
Björgúlfi Guðlaugssyni, kr. 25.070.00, ásamt 6% ársvöxtum  
frá 16. desember 1955 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í máls-  
kostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að við-  
lagðri aðför að lögum.

---